



LOFTSLAGSSTEFNA BORGARBYGGÐAR



BORGARBYGGÐ

INNGANGUR

Hér er lögð fram fyrsta loftslagsstefna Borgarbyggðar sem tekur til reksturs sveitarfélagsins og gildir til ársins 2040.

Hafin er vinna við innleiðingu Heimsmarkmiða Sameinuðu þjóðanna, sjálfbærnistefnu og er gert ráð fyrir að loftslagsstefnan verði hluti af þeirri stefnu til framtíðar. Þá er framundan endurskoðun aðalskipulags Borgarbyggðar en skipulagsáætlanir leika lykilhlutverk í mótun umhverfis og starfsemi sveitarfélagsins.

Með loftslagsstefnunni eru lagðar fram fyrstu aðgerðir Borgarbyggðar í loftslagsmálum. Í loftslagsstefnunni eru settar fram aðgerðir er lúta að rekstri sveitarfélagsins. Stefnan hefur verið kynnt öllum nefndum og ráðum sveitarfélagsins, þar sem fram komu ábendingar sem tekið hefur verið tillit til í aðgerðaáætlun.

Áhersla er lögð á landnotkun, samgöngur, úrgangsmál, orkunotkun og vitundarvakningu. Við endurskoðun aðalskipulags verði horft til þess að skipulag landnotkunar hafi það að markmiði að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda. Borgarbyggð dragi úr myndun úrgangs í rekstri sínum með ábyrgum innkaupum, neyslu og aukinni endurvinnslu. Þá er lagt til að Borgarbyggð dragi úr orkunotkun í eigin rekstri og dragi úr notkun á jarðefnaeldsneyti með því að vinna markvisst að orkuskiptum.

Þá verði lögð áhersla á markvissa fræðslu um loftslagsstefnu innan stofnana sveitarfélagsins og aðgengi að upplýsingum verði gott.

Fyrsta útgáfa loftslagsstefnu Borgarbyggðar er upphafsskrefið á langri vegferð til sjálfbærara samfélags og að kolefnishlutlausum rekstri sveitarfélagsins 2040.

Umhverfis- og landbúnaðarnefnd samþykkir fyrstu loftslagsstefnu Borgarbyggðar ásamt aðgerðaáætlun þann 5. maí 2022.

Margrét Vagnsdóttir

Halldóra Lóa Þorvaldsdóttir

Sigurjón Helgason

Davíð Sigurðsson

Sigrún Ólafsdóttir



BORGARBYGGÐ

EFNISYFIRLIT

Inngangur.....	2
1. Framtíðarsýn.....	4
2. Stefnan.....	4
2.1 Tölulegar upplýsingar.....	4
3. Yfirmarkmið.....	4
3.1 Markmið og leiðir.....	4
3.1.1 Landnotkun og skipulag.....	4
3.1.2 Samgöngur.....	5
3.1.3 Úrgangur og sóun.....	5
3.1.4 Orkunotkun.....	5
3.1.5 Vitundarvakning.....	5
4. Gildissvið.....	5
5. Eftirfylgni.....	6
6. Tenging við núverandi skuldbindingar.....	6
7. Kolefnisjöfnun.....	6
Viðauki I.....	7
Viðauki II.....	13



BORGARBYGGÐ

1. Framtíðarsýn

Borgarbyggð stefnir á að vera til fyrirmyndar í loftslagsmálum með því að draga markvisst úr losun gróðurhúsalofttegunda frá rekstrinum og þeim áhrifum sem losunin hefur í för með sér. Borgarbyggð tekur virkan þátt í baráttunni við loftslagsbreytingar og leggur þannig sitt af mörkum til að markmiðum Parísarsamningsins verði náð.

2. Stefnan

Samkvæmt lögum um loftslagsmál nr. 70/2012, 5. gr. skulu stofnanir og fyrirtæki ríkisins sem og sveitarfélög, setja sér loftslagsstefnu sem inniheldur skilgreind markmið um samdrátt í losun gróðurhúsalofttegunda og kolefnisjöfnun starfseminnar ásamt nauðsynlegum aðgerðum.

Hér er sett fram loftslagsstefna Borgarbyggðar í eigin rekstri.

2.1 Tölulegar upplýsingar

Borgarbyggð er tæplega 5.000 ferkílómetra stórt sveitarfélag með íbúafjölda sem telur um 3.900 manns. Búseta er dreifð, flestir íbúar eru búsettir í Borgarnesi eða rúmlega 2 þúsund manns og um 300 manns eru búsettir á Hvanneyri. Aðrir íbúar eru búsettir í minni þéttbýliskjörnum eða í dreifbýli.

Viðmiðunarár í losunarbókhaldi er árið 2019 og loftslagsstefna tekur reksturs starfsstöðva og húsnæðis í eigu sveitarfélagsins sem hér segir:

- 1 Stjórnsýsluhús/ráðhús
- 2 Grunnskólar
- 5 Leikskólar
- 21 Félagslegt húsnæði
- 3 Íþróttamannvirki
- 7 Félagsheimili
- 1 Áhaldahús
- 2 Slökkvistöðvar
- 1 Safnahús

Stöðugildi viðmiðunarárið 2019 voru 256,95 og heildarlosun í rekstri sveitarfélagsins árið 2019 var 158,3 tonn CO₂.

Losun vegna aksturs var um 73,1 tonn af CO₂ vegna bruna á dísilolíu og bensíni árið 2019, 46,2% af heildarlosun. Notkunin er vegna almennrar starfsemi áhaldahúss og vegna stjórnsýslu. Ekki eru inni í þessum tölun losun vegna skólaaksturs, snjómoksturs eða sorphirðu sem eru verk unnin af verktökum.

Losun vegna meðhöndlunar úrgangs var 56,3 tonn CO₂ árið 2019 (36% af heildarlosun). Um er að ræða heildarmagn úrgangs frá öllum starfsstöðvum í rekstri sveitarfélagsins.

Losun vegna orkunotkunar var 28,9 tonn CO₂ eða um 18,2%.

Loftslagsstefna Borgarbyggðar nær til innkaupa á jarðfnaeldsneyti vegna reksturs sveitarfélagsins, óbeinnar notkunar jarðfnaeldsneytis, innkaupa á orku og til meðhöndlunar úrgangs.

3. Yfirmarkmið

Fram til ársins 2030 mun Borgarbyggð draga úr losun gróðurhúsalofttegunda vegna eigin reksturs um samtals 40% miðað við árið 2019.

Stefnt er að kolefnishlutlausum rekstri árið 2040.

3.1 Markmið og leiðir

Hér eru kynnt markmið stefnunnar og leiðir sem sveitarfélagið hyggst fara til að ná þeim markmiðum. Nánari útfærslur á einstaka aðgerðum er að finna í aðgerðaáætlun í viðauka.

3.1.1 Landnotkun og skipulag

Mörkuð verði stefna um auðlindanotkun, skógrækt og endurheimt votlendis við endurskoðun aðalskipulags. Sveitarfélagið meti hvort svæði í eigu sveitarfélagsins henta til skógræktar eða endurheimtar votlendis. Lagt verði mat á bindingu vegna skógræktar í gegnum gildandi samninga við skógræktarfélag.



BORGARBYGGÐ

Fjallskilanevndir ráðist í aðgerðir til landbóta á afréttum t.d. í gegnum verkefni á vegum Landgræðslunnar. Leigutakar sem leigja beitiland af sveitarfélaginu ráðist einnig í landbótaverkefni.

3.1.2 Samgöngur

Sveitarfélagið vinni markvisst að orkuskiptum í samgöngum í rekstri sínum. Við kaup eða leigu á nýjum bifreiðum verði horft til bifreiða sem nota endurnýjanlega orkugjafa sem og þegar endurnýja þarf önnur tæki s.s. sláttuvélar þá verði kannaðir möguleikar á umhverfisvænum tækjum.

Sveitarfélagið leggi áherslu á að gerðar verði ríkar kröfur um umhverfisvæn ökutæki í útboðum á vegum sveitarfélagsins s.s. við úrgangshirðu, skólaakstur og snjómokstur.

Sveitarfélagið hvetji starfsfólk til að draga úr notkun einkabíls, s.s. með samakstri, með því að nota virka ferðamáta (hjólandi eða gangandi), og með því að draga úr ferðapörf s.s. með notkun fjarfundarbúnaðar þegar mögulegt er.

3.1.3 Úrgangur og soun

Sveitarfélagið leggi áherslu á að draga úr úrgangsmýndun, aukna meðvitund um endurnýtingu og enn meiri áhersla verði lögð á flokkun. Til að ná markmiðum hringrásarhagkerfisins um samdrátt í urðun, þarf að leggja áherslu á að fræða starfsfólk um aukna flokkun.

Sveitarfélagið hefur þegar hafið sérsöfnun lífræns úrgangs. Þrátt fyrir það er mikilvægt að kortleggja matarsoun þrátt fyrir það er mikilvægt að kortleggja matarsoun í stofnunum og rekstrareiningum sveitarfélagsins og setja fram áætlanir um úrbætur.

Innkaupastefna sveitarfélagsins verði endurskoðuð og við val á kaupum á vörum og þjónustu hafi umhverfisþættir meira vægi. Stofnunum verði þannig sköpuð umgjörð til að versla umhverfisvottaðar vörur og hráefni úr héraði. Þá er lagt til að skoðaðir verði þeir valkostir að auka vægi grænmetis í mótuneytum.

3.1.4 Orkunotkun

Sveitarfélagið móti stefnu um LED-væðingu í götulýsingu og setji fram áætlun um útskipti á næstu árum.

Í innkaupastefnu hafi orkusparnaður tækja vægi til móts við gæði og verð vöru.

Á öllum starfsstöðvum sveitarfélagsins verði innleitt verklag og umgengnisreglur sem stuðla að minni orkunotkun.

3.1.5 Vitundarvakning

Til að innleiða loftslagsstefnu í starfsemi sveitarfélagsins er mikilvægt að gefa innleiðingunni tíma og athygli. Ein leið til að innleiða með markvissum hætti slíkar breytingar er að taka upp „græn skref“ s.s. eins og þau sem Umhverfisstofnun hefur umsjón með fyrir stofnanir í ríkisrekstri. Með slíkri innleiðingu er líklegra að starfsmenn helgi sig stefnunni og vinni eftir þeim áherslum sem hér eru settar fram.

Þá er mikilvægt að loftslagsstefnan rími vel við innkaupa-reglur sveitarfélagsins, svo að þeim starfsmönnum sem sinna innkaupum sé gert kleift að vinna samkvæmt stefnunni.

Þegar loftslagsstefnan hefur verið samþykkt er mikilvægt að kynna hana vel öllum starfsmönnum sveitarfélagsins. Skapa þarf vettvang þar sem starfsmenn geta á skilvirkan hátt aflað sér upplýsinga og leitað svara við áskorunum sem kunna að koma upp.

Setja þarf loftslagsstefnuna upp á einfaldan og skýran máta og vekja athygli á henni með markvissum hætti.

4. Gildissvið

Stefnan nær til allrar starfsemi Borgarbyggðar; þ.e. reksturs skóla- og íþróttamannvirkja, safnahúss, félagsheimila, ráðhúss, rekstur áhaldahúss, slökkviliðs o.s.frv.

Stefnan tekur ekki til skólaaksturs, snjómoksturs eða sorp-hirðu, en gera þarf ráð fyrir að í næstu útgáfu stefnunnar verði allir samningar teknir inn í losunarbókhald og loftslagsstefnu.



BORGARBYGGÐ



5. Eftirfylgni

Umhverfis- og landbúnaðarnefnd skal árlega rýna og leggja til uppfærða aðgerðaáætlun. Stefnan er samþykkt af sveitarstjórn og upplýsingum um árangur aðgerða skal miðlað á heimasíðu sveitarfélagsins. Loftslagsstefna Borgarbyggðar verður hluti af stefnu sveitarfélagsins sem tekur mið af Heimsmarkmiðum Sameinuðu Þjóðanna.

6. Tenging við núverandi skuldbindingar

Loftslagsstefna mun tengjast heildarstefnumótun sveitarfélagsins og vera hluti af innleiðingu Heimsmarkmiða

sameinuðu þjóðanna um sjálfbærni eða sjálfbærnistefnu. Í þeirri vinnu er gert ráð fyrir að rýna allar núverandi stefnur og setja fram stefnu sem tengir allar undirstefnur þeirri heildarstefnu.

Borgarbyggð er t.a.m þátttakandi í Heilsuefandi samfélagi. Uppbygging göngu- og hjólastíga, skipulag í þéttbýli og vönduð innkaup þar sem gert er ráð fyrir að vara sé keypt sem næst framleiðslustað eru þættir sem eru mikilvægir í þessu tilliti. Þá vinnur sveitarfélagið að innleiðingu Barnasáttmála Sameinuðu Þjóðanna þar sem augljóslega eru ýmsir sameiginlegir áherslupættir.

7. Kolefnisjöfnun

Borgarbyggð mun fyrst og fremst leggja áherslu á að draga úr losun í rekstri sínum. Eftirstandandi losun mun Borgarbyggð kolefnisjafna með viðurkenndum aðferðum.



BORGARBYGGÐ



Viðauki 1

AÐGERÐAÁÆTLUN VEGNA LOFTSLAGSSTEFNU BORGARBYGGÐAR

1. Gögn og losunarbókhald

Markmið	Aðgerð	Afurð	Upphaf/ verklok	Ábyrgð	Kostnaður
1.1	Gagnasöfnun fyrir losunarbókhald vegna þjónustusamninga, s.s. vegna snjómoksturs, sorphirðu og skólaaksturs.	Upplýsingar um árlega losun CO2 vegna þjónustusamninga.	2022/ Sifellu- verkefni	Umhverfis- og framkvæmdad.	
1.2	Unnið verði að skilvirku vinnulagi til að færa losunarbókhald	Verkferill um skráningu á losunarbókhaldi	2022/ 1. júní 2023	Umhverfis- og framkvæmdad.	



BORGARBYGGÐ

2. Landnotkun og skipulag

Markmið	Aðgerð	Afurð	Upphaf/ verklök	Ábyrgð	Kostnaður
2.1	Gagnaöflun vegna bindingar í formi skógræktar og uppgræðslu.	Úttekt á bindingu vegna núverandi skógræktar og uppgræðslu í landi sveitarfélagsins.	2022/ 2023	Umhverfis- og framkvæmdad.	
2.2	Gagnaöflun vegna bindingar í gegnum árlegar gróðursetningar Skógræktarfélags Borgarfjarðar sem er með samning við sveitarfélagið.	Í samningi við SB verði gerð krafa um árleg skil á skýrslu um bindingu.	2023 Sífellu- verkefni	Umhverfis- og framkvæmdad.	
2.4	Fjallskilaneindir taki þátt í verkefnum á vegum Landgræðslunnar til landbóta á afréttum	Áætlun um landbætur á afréttum sveitarfélagsins.	2023/ 2025	Fjallskilaneind Borgarbyggðar	
2.5	Leigutakar beitolands taki þátt í verkefnum á vegum Landgræðslunnar til landbóta á beitarlandi.	Samningar leigutaka um landbótaverkefni	2023/ Sífellu- verkefni	Umhverfis- og framkvæmdad./ leigutakar	
2.6	Við endurskoðun aðal-skipulags verði lögð áherslu á að byggja upp net göngu- og hjólastíga sem tryggir öruggar ferðaleiðir gangandi og hjólandi vegfarenda. Sérstaklega verði hugað að öryggi barna í umferðinni.	Endurskoðað ASK	2023/ 2025	Skipulags- og byggingardeild/ Skipulags, - og byggingarnefnd	
2.7	Við endurskoðun aðal-skipulags verði sett fram stefna um skógrækt og endurheimt votlendis, efnistöku og nýtingu auðlinda.	Endurskoðað ASK	2023/ 2025	Skipulags- og byggingardeild/ Skipulags, - og byggingarnefnd	
2.8	Landsvæði í eigu sveitarfélagsins sem þegar hafa verið framræst en ekki eru nýtt til ræktunar verði skoðuð og metið hvort endurheimt votlendis er heppileg.	Samantekt framræsts votlendis í landi veitarfélagsins	2024/ 2025	Umhverfis- og landbúnaðarnefnd	



3. Samgöngur

Markmið	Aðgerð	Afurð	Upphaf/ verklok	Ábyrgð	Kostnaður
3.1	Árlega verði skipt út tveimur bílaleigubílum sem ganga fyrir jarðefnaeldsneyti fyrir rafmagnsbíla.	Orkuskipti í samgöngum í daglegum rekstri sveitarfélagsins	2022/ 2025	Umhverfis- og framkvæmdad./ Eignasjóður	
3.2	Á árunum 2022-2026 verði settar upp fimm hleðslustöðvar fyrir rafmagnsbíla við starfsstöðvar í sveitarfélaginu.	Hleðslustöðvar fyrir rafmagnsbíla við fimm starfsstöðvar	2022/ 2026	Umhverfis- og framkvæmdad./ Eignasjóður	
3.3	Þegar kaupa eða leigja þarf nýjar bifreiðar verði leitast verði við að kaupa bifreiðar sem ganga fyrir endunýjanlegum orkugjöfum.	Fækkun bifreiða sem ganga fyrir jarðefnaeldsneyti	Sífellu- verkefni	Umhverfis- og framkvæmdad./ Eignasjóður	
3.4	Þegar kaupa þarf önnur tæki s.s.sláttuvélar, verði kannaðir kostir þess að kaupa tæki sem ganga fyrir öðrum og umhverfisvænni orkugjöfum.	Minni notkun jarðeldaeidsneytis í rekstri	Sífellu- verkefni	Umhverfis- og framkvæmdad./ Eignasjóður	
3.5	Í útboðum á vegum sveitarfélagsins s.s. vegna snjómoksturs, úrgangshirðu og skólaaksturs, verði gerðar ríkar kröfur um umhverfisvæn tæki.	Minni notkun jarðeldaeidsneytis í rekstri	Sífellu- verkefni	Byggðaráð	
3.6	Starfsfólk verði hvatt til að draga úr notkun einkabíls s.s með notkun almenningssamgangna, samakstri, að hjóla eða ganga til og frá vinnu. Skoða möguleika á samgöngusamningum við starfsfólk sem notar umhverfisvæna ferðamáta.	Samgöngusamningar, aðstaða fyrir starfsfólk s.s. hjólageymslur.	2023/ 2025	Byggðaráð/ Umhverfis- og framkvæmdad./ Eignasjóður	
3.7	Sveitarfélagið leggi sitt af mörkum til að draga úr ferðaþörf starfsfólks, s.s. með notkun fjarfundarbúnaðar þegar hægt er. Starfsfólk sem vinnur ákveðin störf hafi heimild til að vinna heima.	Streymi af viðburðum, fundir í fjarfundabúnaði Fjarvinnustefna	2022 / sífellu- verkefni	Byggðaráð	
3.8	Endurskoðun á tómstundaakstri í Borgarbyggð, með það að markmiði að draga úr losun vegna aksturs einkabíls.	Tómstundabíll	2024	Byggðaráð/ fræðslunefnd	



4. Úrgangur og soun

Markmið	Aðgerð	Afurð	Upphaf/ verklok	Ábyrgð	Kostnaður
4.1	Gerð verður úttekt á úrgangsþjónustu við íbúa í sveitarfélaginu m.t.t. breytinga á úrgangslöggjöfnni áður en þjónustan verður boðin út að nýju.	Greining á úrgangsþjónustu og tillögur	2023/ 2024	Umhverfis- og framkvæmdad.	
4.2	Við framkvæmdir og uppbyggingu á vegum sveitarfélagsins verði leitast við að endurnýta efni sem fellur til við jarðrask sé endurnýtt í grennd við byggingarsvæði.	Kafli í verkferli um framkvæmdir. Kemur fram í nýjum skipulagsáætlunum	Sífellu- verkefni	Umhverfis- og framkvæmdad./ Skipulags- og byggingardeild	
4.3	Lögð áhersla á aukna fræðslu um endurnýtingu og mótað verði skipulag þar sem hlutir sem hafa lokið hlutverki sínu á einum stað geti staðið öðrum starfsmönnum og starfsstöðvum til boða. Þannig er hægt að lengja líftíma hluta og nýta betur.	Skráning og miðlun á skrifstofutækjum og öðrum búnaði	Sífellu- verkefni	Þjónustuver	
4.4	Alfarið verði hætt að nota einnota vörur á fundum eða á viðburðum á vegum sveitarfélagsins.	Öll matarílát eru fjölnota eða úr endurvinnanlegu efni	2022/ Sífellu- verkefni	Allar einingar	
4.5	Matarílát verði úr endurvinnanlegum efnum ef ekki er hægt að hafa þau fjölnota, þegar keyptar eru veitingar.	Minni notkun jarð- eldaeidsneytis í rekstri	Sífellu- verkefni	Byggðaráð	
4.6	Áhersla lögð á flokkun úrgangs, hluti af nýliðaþjálfun er að kynna nýju starfsfólki flokkunarkerfi. Mest áherslan lögð á að draga úr úrgangi sem fer til urðunar.	Flokkun úrgangs hluti af handbók nýrra starfsmanna	2022/ Sífellu- verkefni	Skrifstofa sveitarstjóra/ Allar einingar	
4.7	Matarsoun verði mæld í starfsstöðvum sveitarfélagsins og mótaðar tillögur til úrbóta í samstarfi við nemendur og starfsfólk.	Mæld matarsoun	2023/ 2025/ Sífellu- verkefni	Fjölskyldusvið	



4. Úrgangur og sóun

Markmið	Aðgerð	Afurð	Upphaf/ verklok	Ábyrgð	Kostnaður
4.8	Vægi grænmetis verður aukið á matseðlum í skólum og stofnunum sveitarfélagsins, í samræmi við þarfir notenda. Aukin notkun árstíðarbundins grænmetis og að litið sé til kolefnisspors við innkaup.	Könnun meðal notenda mótuneyta, matseðlar. Fólk geti valið um hvaða grænmeti það vill.	2023/ 2024	Fjölskyldusvið	
4.9	Innkaupastefna sveitarfélagsins verði endurskoðuð og tekið tillit til umhverfissjónarmiða jafnt sem kostnaðar og gæða. Þá verði mótuð stefna um að ekki verði keyptar einnota vörur og skapaðar aðstæður til að kaupa umhverfisvottaðar vörur og hráefni úr héraði sé þess kostur.	Uppfærð innkaupastefna	2023	Innkauparáð/ byggðaráð	
4.10	Skóðað verði hvort ávinningur sé af því að vinna lífúrgang í sveitarfélaginu, og framleiða miltu í nærumhverfinu.	Samanburður á möguleikum og ávinningi	2024	Umhverfis- og framkvæmdad./	

5. Orkunotkun

Markmið	Aðgerð	Afurð	Upphaf/ verklok	Ábyrgð	Kostnaður
5.1	Vinna þarf stefnu um LED-væðingu götulýsingar í sveitarfélaginu og setja fram áætlun um útskipti á næstu árum.	Áætlun um LED-væðingu byggð á ljósvistarhönnun í þéttbýli.	2023/ 2024	Fjölskyldusvið	
5.2	Innkaupastefna geri ráð fyrir að orkusparnaður tækja hafi vægi til móts við gæði og verð vöru	Uppfærð innkaupastefna	2023	Innkauparáð/ byggðaráð	
5.3	Á öllum starfsstöðvum sveitarfélagsins verði innleitt verklag sem stuðla að minni orkunotkun, s.s. að slökkva á ljósum og raftækjum þegar þau eru ekki í notkun.	Verkferill Stefna um græn skref í rekstri Borgarbyggðar	2023/ sífellu- verkefni	Umhverfis- og framkvæmdad./ Allar einingar	



6. Vitunarvakning/fræðsla

Markmið	Aðgerð	Afurð	Upphaf/ verklok	Ábyrgð	Kostnaður
6.1	Loftslagsstefnan er kynnt fyrir öllum nefndum og er kynnt á forstöðumannafundum.	Kynning á loftslagsstefnu	2022/ sífellu- verkefni	Umhverfis- og framkvæmdad./	
6.2	Til að innleiða stefnuna verða tekin upp „græn skref“ í hverri stofnun. Í grænum skrefum er tekið á helstu þáttum í rekstri sem draga úr kolefnisspori frá rekstrinum.	Græn skref í rekstri Borgarbyggðar	2023/ sífellu- verkefni	Umhverfis- og framkvæmdad./	
6.3	Upplýsingar um stefnuna og einstaka aðgerðir verða gerðar aðgengilegar á heimasíðu sveitarfélagsins og á samfélagsmiðlum .	Upplýsingar og fréttir	2022 / sífellu- verkefni	Umhverfis- og framkvæmdad./	
6.4	Áhersla er lögð á að loftslagsstefnan sé kynnt vel öllum starfsmönnum og kallað eftir virki aðkomu þeirra við innleiðingu og þróun til framtíðar.	Upplýsingar á starfsmannavef.	2022 / sífellu- verkefni	Umhverfis- og framkvæmdad./	
6.5	Loftslagsstefnan verður hluti af innleiðingu Heimsmarkmiða Sameinuðu þjóðanna, í heildarstefnu sveitarfélagsins eins og aðrar stefnur sem sveitarfélagið hefur samþykkt. Innleiðing heimsmarkmiðanna kallar á víðtæka skoðun á allri starfsemi sveitarfélagsins og víðtækt samráð.	Heildarstefna Borgarbyggðar með áherslu á HM SP.	2022/ sífellu- verkefni	Byggðaráð/ sveitarstjórn	
6.6	Mikilvægt er að loftslagsstefnan fái umfjöllun og athygli hjá ungmennaráði, á vettvangi vinnu við innleiðingu Barnasáttmálans og Heilsueflandi samfélags.	Aðgerðir loftslagsstefnu eru settar inn í aðrar stefnur.	2022/ sífellu- verkefni	Stjórnsýslu- og þjónustusvið	



Viðauki II

Bókanir og athugasemdir nefnda.

Nafn nefndar og dagsetning	Bókanir og athugasemdir
Skipulags – og byggingarnefnd 10.1.2022	Bókun: Skipulags- og byggingarnefnd hefur skoðað aðgerðaráætlunina og tengsl hennar við endurskoðun aðalskipulags Borgarbyggðar. Skipulags- og byggingarnefnd leggur málið fram og gerir ekki athugasemdir.
Velferðarnefnd 11.1.2022	Bókun: Hrafnhildur Tryggvadóttir deildarstjóri umhverfis- og framkvæmdamála kynnti fyrstu loftslagsstefnu Borgarbyggðar Athugasemdir Leggja má meiri áherslu á uppgræðslu lands- of opið orðalag í liðum 4 og 5 í kaflanum Landnotkun og skipulag <ul style="list-style-type: none">• Líklega óraunhæft að gera kröfu um að fæði sé ekki afhent í einnota umbúðum• Fer ekki saman að ætla að draga úr matarsóun og að auka vægi grænmetis á matseðlum
Ungmennaráð 26. 1. 2022	Bókun: Loftlagsstefna Borgarbyggðar og uppsetning strætóskýla í Borgarnesi (Hrafnhildur frá Borgarbyggð sat undir þessum lið). Ungmennin voru búin að kynna sér stefnuna fyrir fund, Hrafnhildur fór með létta yfirferð og sköpuðust umræður í kjölfarið. Athugasemdir: <ul style="list-style-type: none">• Spurt hvort Borgarbyggð hefur eitthvað rætt það að setja upp moltu sem íbúar geta komið með úrganginn sinn, s.s ekki bara að nota brúnu tunnuna.• Ungmennaráð fagnar þessari stefnu og telur það gott skref að byrja á stofnunum og starfsmönnum sveitafélagsins og vonandi hægt svo síðar meir að fá fyrirtæki sveitarfélagsins með í lið.• Ungmennaráð velti fyrir sér hvernig auglýsingar og upplýsingaflæðið sé með loftlagsmálin hjá Borgarbyggð, þá hefur hún ekki verið mikil en þarf að vera reglubundin og sýnileg og var þá rætt hvernig hægt sé að ná sérstaklega til ungmenna t.d á samfélagsmiðlum?• Sköpuðust umræður með vegan mat í mótuneytum skólanna, alltaf fleiri og fleiri sem tileinka sér grænkerafæði.• Ungmennaráð hefur áður talað fyrir því að fá tómstundastrætó í Borgarnesi þá aðallega að auka við eina ferð innanbæjar seinnipartinn, þá til að keyra krökkum heim úr frístund og æfingum kl 16 og taka í sömu ferð eldri krakka sem eru að fara á æfingar sem hefjast seinnipartinn. Ef við horfum út frá loflagsstefnu Borgarbyggðar, er betra að hafa eina rútu eða 50 einkabíla sem skutla og sækja á þessum tíma innanbæjar?• Þarf að bæta samgönguleiðir í Borgarbyggð svo fólk komist hjólandi/labbandi í vinnuna, búum í mjög stóru sveitarfélagi og margir þurfa að ferðast langt, ef við byrjum bara á börn/ungmenni í leik, grunn og menntaskóla. Þau sem geta labbað eða hjólað, eru öruggar og greiðar leiðir fyrir þau?



Nafn nefndar og dagsetning	Bókanir og athugasemdir
Fræðslunefnd - 27.1.2022	<p>Bókun:</p> <p>Nefndin þakkar fyrir kynningu á stefnunni.</p>
Byggðarráð 27.1.2022	<p>Bókun:</p> <p>Byggðarráð felur sveitarstjóra að taka saman umræður á fundinum og senda inn sem tillögu að breytingum á loftslagsstefnu Borgarbyggðar.</p> <p>Athugasemdir</p> <ul style="list-style-type: none"> • Þegar kaupa “eða leigja” þarf nýjar bifreiðar, skal leitast við að fá bifreiðar sem ganga fyrir endurnýjanlegum orkugjöfum. • Matarílát verði úr endurvinnanlegum efnum ef ekki er hægt að hafa þau fjölnota. • Í skólum sé fólki heimilt að velja sjálf það grænmeti sem þau vilja. • Matarsóun sé rýnd með nemendum skólanna. • Uppgræðslan, styrkir frá Landgræðslunni • Viðræðan um fjallskilaneftnd taki þetta til umfjöllunar á UL fundi. • Auka notkun árstíðarbundins grænmetis og að litið sé til kolefnis spors.
Atvinnu- markaðs- og menningarmálanefnd 1.2.2022	<p>Bókun:</p> <p>Nefndin þakkar Hrafnhildi fyrir áhugaverða kynningu á loftslagsstefnu Borgarbyggðar. Nefndin tekur jákvætt í aðgerðir sem á að fara í á næsta ári og gaman verður að fylgjast með framgangi verkefnisins.</p>
Öldungaráð 4.5.2022	<p>Bókun:</p> <p>Hrafnhildur Tryggvadóttir deildarstjóri umhverfis- og framkvæmdamála kynnti fyrstu loftslagsstefnu Borgarbyggðar. Ráðið þakkar fyrir greinargott og fræðandi erindi. Það er ánægjulegt að vakning sé í þessum málum í sveitarfélaginu.</p>



